

NaNO Fréttabréf – Ágúst og september 2014

Hvað höfum við gert í júlí og ágúst?

Unnið hefur verið að undirbúningi námskeiðsins *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Námskeiðið er byggt að hluta á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* sem var í boði í fyrsta sinn á vorönn 2014. Á námskeiðinu verður fjallað um þverfagleg viðfangsefni tengd vísindum og tækni. Námskeiðið stendur yfir í allan vetur og er ætlað kennurum á mið- og unglingastigi grunnskóla. Námskeiðið er unnið í samvinnu við Menntavísindastofnun og hefst 12. september nk. Nánar má lesa um það hér <http://natturutorg.is/nanonamskeid>.

Einnig hefur verið unnið að mati á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Matið verður notað við útfærslu á námskeiðinu ef það verður haldið aftur. Einnig er matið notað við skipulagninu á námskeiðinu *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Matskýrslan verður aðgengileg í haust.

Gagnabanki um viðfangsefni náttúruvísinda 21. aldar er kominn á laggirnar. Bankinn er opinn öllum endurgjaldslaust á vefnum á <http://nano.natturutorg.is>. Nokkur verkefni eru komin í bankann og vinnum við nú að því að bæta við verkefnum.

Faghópur Náttúrutorgs kom saman og lagði grunn að starfi vetrarins. Í faghópnum eru starfandi grunn- og framhaldsskólakennarar ásamt starfsfólki MVS. Á fundinn voru fulltrúar fagfélaga náttúrufræðikennara einnig boðaðir.

Sóttum ráðstefnuna *Future Teachers: A profession at crossroads* 13.-14. ágúst á hótél Hilton. Ráðstefnan sneri að símenntun kennara þar sem meðal annars var áhugavert að kynna *Biophilia* verkefni.

Við kynntum NaNO gagnabankann á ráðstefnu Skólaþróunar *Komdu og skoðaðu í kistuna mína* í Smáraskóla 14. ágúst. Þar litu margir við, einkum leik- og grunnskólakennarar. Athygli vakti að efni í gagnabankanum kostar notendur ekki krónu.

NaNO gagnabankinn var einnig kynntur á námsefnissýningu Námsgagnastofnunar þann 19. ágúst í húsnæði MVS við Stakkahlíð. Annars vegar stóðum við fyrir kynningu í stofu og hins vegar vorum við með bás þar sem gestir gátu litið við. Sýningin gekk vel og gott var að fá viðbrögð við gagnabankanum.

Unninn var kynningarbæklingur um NaNO verkefnið og Náttúrutorg til að nýta á þessum kynningum. Hann var einnig sendur í alla grunn- og framhaldsskóla landsins. Bæklingurinn fylgir með fréttabréfinu í sérskjali.

Leitað var til okkar vegna umsjónar með endurmenntunarnámskeiði fyrir náttúrufræðikennara í grunnskólum Garðabæjar. Námskeiðið fer af stað í janúar 2015. Við höfum tekið það verkefni að okkur.

Birgir verður frá og með 1. september í 55% starfi við MVS HÍ í stað 100%. Hann kennir nú eðlisfræði í MR í hlutastarfi.

Hvað er framundan?

Ljúka við mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* og birta skýrslu.

Ut anumhald Menntabúða, jafningjafræðsluvettvangs kennara, heldur áfram. Stefnt er að reglulegum Menntabúðum á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum í vetur. Einnig verður athugað hvort grundvöllur sé fyrir Menntabúðir á Vesturlandi.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennsluhugmyndir í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum. Stefnt er að því að fá til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.

Vinna að námskeiðinu *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* sem stendur grunnskólakennurum til boða í vetur.

Vinna að endurmenntunarnámskeiði grunnskólakennara í Garðabæ.

Okkur var boðið að taka þátt í umsókn til Framkvæmdarstjórnar ESB (e. European Commission) í samstarfi við kennaramenntunarstofnanir í sex löndum um verkefni sem miðar að því að gera raunvísindi og tækni aðlaðandi fyrir ungt fólk. Verið er að leggja drög að umsókn.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmælisjóði HÍ, Próunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld